

52. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., haldinn að Austurvegi 56, 26. nóv. 1997, kl. 13:30.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, Guðmundur Hermannsson boðaði forföll en haft var símasamband við hann um afgreiðslu 1. máls á dagskrá.

Dagskrá:

1. Bréf frá Gámakó hf., dags. 24. nóvember 1997, lagt fram.

Efni bréfsins er að tilkynna um yfirvofandi gjaldþrot Gáms sem verið hefur í viðskiptum við Sorpstöð Suðurlands bs. Í bréfinu kemur fram að skuld Gáms við Sorpstöð Suðurlands bs., þann 31.10.1997 var kr. 6.523.467.- Gámakó hf., býðst til þess að yfirtaka kr. 4.840.345.- af þessari skuld og fer fram á að fá að yfirtaka viðskipti Gáms við Sorpstöðina með því að aðilaskipti verði á samningi þar um. Gámakó hf., býður fram bankatryggingu að upphæð kr. 2.000.000.- sambærilega þeirri sem verið hefur í gildi. Með bréfinu fylgja að auki helstu upplýsingar um Gámakó hf., og sameiginleg ósk forsvarsmanna Gáms og Gámakó hf., um aðilaskipti á samningi við Sorpstöð Suðurlands bs.

Vegna yfirvofandi gjaldþrots Gáms eru líkur á að Sorpstöð Suðurlands bs., geti tapað nálægt kr. 1.700.000.- sem er innan við 10% af árlegum viðskiptum sorpstöðvarinnar við aðra aðila en eignaraðila. Viðskiptum við Gám hefur verið hætt með því að lokað var fyrir móttöku á sorpi frá þeim fyrir nokkrum vikum.

Gámakó hf., virðist vera traustur aðili og hefur verið í sorphirðu t.d. í Kópavogi frá 1970. Gámakó hf., hefur frá upphafi annast flutninga á sorpi fyrir Gám að Kirkjuferjuháleigu og er þ.a.l. kunnugt verkefninu og þekkir allar að stæður. Samþykkt samhljóða að fela Karli Björnssyni að ganga frá samkomulagi við Gámakó hf., á grundvelli framangreindra tillagna þeirra enda virðist það vera besti kostur í stöðunni og gerir tjón Sorpstöðvar Suðurlands bs., eins léttbært og unnt er, úr því að til hugsanlegs gjaldþrots þessa viðskiptaaðila þurfti að koma.

2. Kjötmjölsverksmiðja.

Kynnt var vinna Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands við að taka aftur upp athugun á hagkvæmni kjötmjölsverksmiðju. Guðmundur Hermannsson hefur mætt á einn fund til kynningar á málinu og Karl Björnsson mun að auki mæta á næsta fund sem verður þann 2. des. 1997. Karli er falið að athuga hvort ástæða er til fyrir Sorpstöð Suðurlands bs., að veita fjárframlagi í verkefnið.

3. Fjárhagsstaða.

Lausafjárstaða sorpstöðvarinnar er góð um þessar mundir. Þorvarði falið að gera ráðstafanir til þess að tryggja eðlilega ávöxtun fjárins.

4. Rekstur Kirkjuferjuháleigu.

Rekstur urðunarsvæðisins að Kirkjuferjuháleigu hefur gengið vel og engin vandamál komið upp.

5. Erindi hefur borist frá Birni Guðbrandi Jónssyni, Línuhönnun hf., um hugsanlega jarðgerð sláturúrgangs.

Björn Guðbrandur hefur boðið að koma á fund með stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs., og e.t.v. fleiri aðilum til þess að kynna málið.

Þorvarði falið að athuga möguleika á því og boða fund við fyrstu hentugleika.

6. Endurvinnsluverkefni.

Rætt um ýmis endurvinnsluverkefni eins og pappírssöfnun sem hefur gengið mjög vel á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs. Ekki er vitað með vissu hvernig Sorpu hefur gengið að losna við pappírúrganginn úr landi en frést hefur af vandamálum í því sambandi.

7. Funaplast, Flúðum.

Óskað verður eftir skýrslu frá plastendurvinnslufyrirtækinu Funaplasti á Flúðum um starfsemina 1997 og stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. stefnir að því að fara í heimsókn til þeirra í byrjun árs 1998 til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Karl Björnsson.

Þorvarður Hjaltason.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.